

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur  
konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík,  
Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og  
Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands höfum Vjer allramildilegast úrskurðað þannig:

Fyrir Ísland skal löggildur vera sjerstakur fáni. Gerð hans skal ákveðin með nýjum konungsúrskurði, þegar ráðherra Íslands hefur haft tök á að kynna sjer óskir manna á Íslandi um það atriði. Þennan fána má draga á stöng hvervetna á Íslandi og íslensk skip mega sigla undir honum í landhelgi Íslands. Þó er það vilji Vor, að á húsi eða lóð stjórnarráðs Íslands sje jafnframt dreginn upp hinn klofni dannebrogsfáni á ekki óveglegri stað nje rírari að stærð heldur en íslenzki fáninn.

Þessi Vor allrahæsti úrskurður skerðir að engu rjett manna til að draga upp Dannebrogsfánann eins og að undanfögnu.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 22. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli

Christian R

H. Hafstein

Konungsúrskurður  
um  
sjerstakan íslenskan fána.